


ISNET



**GPS-mælingar  
í grunnstöðvaneti 1993  
og ný viðmiðun ISN93  
við landmælingar á Íslandi**

LANDMÆLINGAR  
ÍSLANDS



ISNET  
Viðmiðun ISN93

**GPS-MÆLINGAR Í GRUNNSTÖÐVANETI 1993  
og ný viðmiðun ISN93 við landmælingar á Íslandi**

Ingvar Þór Magnússon	Landmælingar Íslands
Gunnar Þorbergsson	Orkustofnun
Jón Þór Björnsson	Verkfræðistofan Hnit hf.

Landmælingar Íslands  
mælingadeild  
1997



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
MYNDASKRÁ	4
TÖFLUSKRÁ	4
1 INNGANGUR	5
2 AÐDRAGANDI OG UNDIRBÚNINGUR	6
2.1 Tilraunaverkefni umhverfisráðuneytis	6
2.2 Helstu not af grunnstöðvanetinu í framtíðinni	7
2.3 Val mælistaða og gerð stöðvarlýsinga	8
2.4 Útvegum GPS-tækja	9
2.5 Þátttaka stofnana	12
2.6 Mönnun mælingaflokka	13
2.7 Könnunarferðir	14
3 MÆLINGAR	15
3.1 Stjórnstöð	15
3.2 Mæling grunnstöðvanetsins	15
4 NIÐURSTÖÐUR	20
4.1 Útreikningar og niðurstöður	20
5 LOKAORÐ	24
HEIMILDIR	25
SUMMARY	26
VIÐAUKAR	
I Bréf vinnuhóps um landmælingar til Hannover og Bern	27
II Bréf forstjóra Landmælinga Íslands til IfAG	31
III Símbref IfAG til Landmælinga Íslands	33
IV Þátttakendur í mæliátaki ÍSNET93	35
V Breidd og lengd stöðva í grunnstöðvaneti	39
VI Keiluhnit Lamberts á stöðvum í grunnstöðvaneti	43

## MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Mælistöðvar í GPS-grunnstöðvaneti 1993	11
2 Mönnun stöðva í GPS-grunnstöðvaneti 1993	17
3 Mæliátak ÍSNET93	19

## TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Stöðvar í GPS-grunnstöðvaneti	10
2 Framlag stofnana og bæjarfélaga	12
3 Mælisveitir	14
4 Liðsskipan	16
5 Fastir mælistaðir	18
6 Jarðmiðjuhnit stöðva í grunnstöðvaneti	21
7 Breidd og lengd stöðva í grunnstöðvaneti	40
8 Keiluhnit Lamberts á stöðvum í grunnstöðvaneti	44

## 1. INNGANGUR

Grunnstöðvanet með 119 mælistöðum var mælt með GPS-mælingum 3. til 13. ágúst 1993. Netið og sú viðmiðun, sem með því fæst, verður grundvöllur annarra landmælinga hér á landi og þar með undirstaða stafrænnar kortagerðar, landfræðilegra upplýsingakerfa og verklegra framkvæmda. Grunnstöðvanetið kemur í stað þríhyrninganets, sem var mælt 1955 og 1956. Þríhyrninganetið fullnægir ekki lengur kröfum um nákvæmni, mælistöðvar eru ekki nægilega aðgengilegar og sumar eru glataðar.

Mæling grunnstöðvanetsins er einn þáttur af mörgum, sem þarf að vinna til að netið þjóni tilgangi sínum. Að þeim loknum verður unnt að beita GPS-tækni við landmælingar. Þessir verkþættir eru:

- Hönnun netsins og val mælistaða.
- GPS-mælingar og úrvinnsla þeirra.
- Hæðarmælingar til punkta í netinu.
- Ákvörðun láflatar samkvæmt þyngdarmælingum.
- GPS-mælingar í eldri landsnetspunktum.
- Val á viðmiðun og hnitakerfi.

Við mælingar grunnstöðvanetsins fengu Landmælingar Íslands mjög rausnarlega aðstoð frá Landmælingum Þýskalands í Frankfurt am Main (Institut für Angewandte Geodäsie, IfAG) og Háskólanum í Hannover (Institut für Erdmessung, IfE), sem lögðu til GPS-viðtæki og sérfræðinga í GPS-mælingum. Þjóðverjarnir hafa hug á að mæla allt netið - eða hluta þess - aftur innan fárra ára til að fylgjast með hreyfingum landsins. Fjöldi stofnana, sem hefur hag af nákvæmu og aðgengilegu grunnstöðvaneti, tók þátt í mælingunum með því að leggja fram á eigin kostnað mannafla og bifreiðar. Landmælingaátakið var nefnt ÍSNET93.

Útreikningar mælinganna voru gerðir hjá Landmælingum Þýskalands í Frankfurt og við Háskólann í Hannover og lauk þeim veturinn 1995-1996. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður mælinganna, en Þjóðverjarnir gera grein fyrir úrvinnslu þeirra á öðrum vettvangi, þ.e. á ráðstefnum og í tímaritum um landmælingar.

## 2. AÐDRAGANDI OG UNDIRBÚNINGUR

### 2.1 Tilraunaverkefni umhverfísráðuneytis

Þann 1. nóvember 1991 skipaði umhverfísráðherra starfshóp um landmælingar, sem átti að gera tillögur til stjórnar tilraunaverkefnis á vegum ráðuneytisins. Í hópnum áttu sæti fulltrúar 9 stofnana, sem um árabil hafa tengst landmælingum og kortagerð.

Á fyrstu fundum starfshópsins komu fram upplýsingar um bágborið ástand 1° þríhyrninganetsins frá 1955. Sigtilínur í því eru allt að 100 km langar, og mælistaðir eru flestir á háfjöllum, sem erfitt er að komast á án mikils tilkostnaðar. Af 36 mælistöðum í netinu frá 1955 voru 5 staðir á jöklum og eru þeir glataðir. Einnig hafa umbrot á Kröflusvæði truflað 1° netið. Leifar 1° netsins frá 1955 eru því hvorki burðugar fyrir kortagerð né framkvæmdamælingar (Gunnar Þorbergsson 1992). Hópurinn einbeitti sér því að tillögum að grundvallarmælingum á landinu (Bragi Guðmundsson o.fl. 1993).

Á 3. fundi starfshópsins voru lagðar fram tvær hugmyndir að GPS-grunnstöðvaneti. Fyrri kosturinn var 50 punkta net, þar sem valdar voru stöðvar úr mældum GPS-netum og átta nýjum stöðvum bætt við. Hinn kosturinn var 120 punkta net. Dýrara er að mæla og reikna slíkt net en það hefur eftirfarandi kosti:

- Mæliínur í netinu eru styttri og netið verður nákvæmara.
- Auðveldara verður að mæla GPS-net vegna staðbundinna verkefna.
- Grunnstöðvanet með stuttum og mörgum mæliínunum verður betra sporvöluhæðarnet. (GPS-mælingar gefa hæðir yfir sporvölu (ellipsoid) en við kortagerð eru notaðar hæðir yfir láflöt (geoid), venjulega nefndar hæðir yfir sjó).
- Grunnstöðvanet með mörgum punktum, jafnt dreifðum yfir landið, er áhugavert fyrir rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum.
- Auðveldara er að tengja net í þéttbýli við grunnstöðvanetið.

Þann 19. febrúar 1992 sendi starfshópurinn bréf (viðauki I) um hugmyndir hópsins varðandi mælingar á nýju grunnstöðvaneti til Prof. Dr.-Ing. G. Seeber, forstöðumanns Jarðmælingastofnunar við Háskólann í Hannover og Prof. Dr. G. Beutler, forstöðumanns Stjarnfræðistofnunar við Háskólann í Bern. Á báðum þessum stöðum hefur verið þróaður hugbúnaður til úrvinnslu GPS-mælinga, sem prófaður hefur verið á mælingum frá Íslandi, þar sem jónahvolfið veldur vissum erfiðleikum. Engin svör bárust frá Bern, en svör Hannovermannna voru uppörvandi og hvöttu þeir Íslendinga til að mæla 120 punkta net og buðust til að leggja fram nokkur Ashtech-mælitæki. Þessar hugmyndir voru teknar inn í áfangaskýrslu starfshópsins frá maí 1992 ásamt lauslegri áætlun um kostnað við mælingar grunnstöðvanetsins (Vilhjálmur Grímsson og Jón Þór Björnsson 1992).

Á grundvelli þessara hugmynda var hafist handa við að velja mælistaði í grunnstöðvanetið vorið 1992. Tilraunaverkefni umhverfísráðuneytis lauk í febrúar 1994 og þá var vinnuhópur um landmælingar jafnframt lagður niður (Umhverfísráðuneytið 1994).

## 2.2 Helstu not af grunnstöðvanetinu í framtíðinni

Í greinargerð Orkustofnunar og tillögu starfshóps um landmælingar á vegum umhverfisráðuneytis að nýju grunnstöðvaneti eru talin helstu not af grunnstöðvanetinu, sem fyrirsjáanleg eru í framtíðinni (Gunnar Þorbergsson, 1992).

Landmælingamenn þurfa fyrst að mæla nokkra punkta í gömlum netum á áður kortlögðum svæðum. Mælt verður út frá GPS-grunnstöðvanetinu og netin endurreiknuð í nýja viðmiðunarkerfinu samkvæmt gömlum og nýjum mælingum. Kortin verða síðan hnitúð og endurteiknuð í nýja kerfinu.

Mælingar vegna nýrra korta verða mun þægilegri og ódýrari þar sem gervitunglamælingar á aðgengilegum stöðum koma í stað þríhyrningamælinga á fjallatindum, en auðvitað þarf eftir sem áður að fara um mælisvæðið og mæla myndpunkta. Við kortagerð með 1 m hæðarlínubili þarf að framkvæma einhverjar hæðarmælingar á mælisvæðinu. Þær verða sennilega dýrasti hluti verksins og sá sem vanda þarf mest til.

Í framtíðinni verður GPS-viðtæki og þrjú loftnet í flugvélinni, sem tekur loftmyndir af mælisvæði. Lega myndavélarinnar og stefna höfuðása hennar verður mæld nákvæmlega um leið og hver mynd er tekin, með GPS-mælingum samtímis í flugvélinni og á jörðu niðri. Með þessu móti verður hægt að fækka myndpunktum við kortagerð. En tilvera GPS-grunnstöðvanetsins er forsenda þess að þessi tækni komi að fullum notum, og nú eftir að það hefur verið mælt er ástæða til að skoða hana fyrir alvöru.

Bæjarfélög geta fengið nákvæm bæjarnet mæld án mikils tilkostnaðar. Skemmst er gengið með því að mæla nokkra punkta með gervitunglamælingum inn í GPS-grunnstöðvanetið, og nota síðan þá punkta eins og þríhyrningapunkta við hefðbundnar mælingar í bæjarneti, annað hvort í nýja viðmiðunarkerfinu eða gamla bæjarkerfinu. Lengst er gengið ef hefðbundnar hæðar- og þyngdarmælingar eru notaðar ásamt gervitunglamælingum út frá grunnstöðvaneti til að reikna staðbundinn láflöt (geóíðu) fyrir bæjarfélagið. Þá verður hægt að mæla bæði legu og hæð með GPS-viðtækjum í bæjarnetinu eða nota hefðbundnar mæliaðferðir eftir atvikum.

Miklu auðveldar verður að framkvæma mælingar vegna vegagerðar, hafnargerðar, línulagna og annarra verklegra framkvæmda á nákvæman og öruggan hátt í einu viðmiðunarkerfi fyrir allt landið. Nota má gervitunglamælingar einar saman, eða hefðbundnar mælingar ásamt GPS-mælingum eftir atvikum.

Sama gildir um mælingu eignamarka. Þar henta gervitunglamælingar sérlega vel, því að ekki er þörf fyrir nákvæmar hæðir yfir sjó.

DGPS (Differential DGPS) er tækni þar sem DGPS-viðtæki (GPS-leiðsögutæki með sérstökum búnaði), mun ódýrari en GPS-landmælingatæki, er notaður til staðsetningar með nokkurra metra nákvæmni (hæðarskekkjur eru oft þrisvar sinnum stærri en skekkjur í legu, og hæð yfir sjó fæst úr GPS-mælingum aðeins ef láflatarhæð er þekkt). Sjálfvirk DGPS-móðurstöð (GPS-viðtæki, tölva og fjarskiptabúnaður) símsendir eða útvarpar leiðréttingum, sem DGPS-viðtækið notar til þess m.a. að



komast hjá áhrifum SA-truflana (Selective Availability). Með því að setja upp nokkrar DGPS-móðurstöðvar á landinu, ganga vandlega frá loftnetum þeirra og mæla þau vandlega inn með GPS-grunnstöðvanetinu, er hægt að fá 2-5 m nákvæmni í legu með DGPS-viðtækjum í einu viðmiðunarkerfi fyrir allt landið. Nákvæmni á miðunum umhverfis landið verður nokkru lakari. Mjög örur framfarir eru við gerð GPS-viðtækja og ekki ólíklegt að möguleg nákvæmni DGPS aukist frá því sem nú er. Tilvist GPS-grunnstöðvanetsins skiptir meginmáli til að við getum notfært okkur þessa tækni að fullu.

Hin mikla nákvæmni og aðgengileiki GPS-grunnstöðvanetsins, bæði innanlands og í alþjóðlegu viðmiðunarkerfi munu gera yfirvöldum flugmála auðveldara að setja upp og prófa kerfi til loftsíglunga og aðflugs, þó svo að nákvæmni þeirra kerfa aukist til muna frá því sem nú er.

Með nákvæmu DGPS-kerfi yfir allt landið geta ýmsir aðilar safnað ýmsum gögnum í eitt (eða nokkur samtengd) landupplýsingakerfi (GIS) með margvíslegum möguleikum til fræðistarfa og upplýsingaþjónustu.

GPS-grunnstöðvanetið á að vera nægilega nákvæmt til að jarðvísindamenn, sem vilja fylgjast með hreyfingum landsins, vilji taka þátt í mælingu þess. Þeir hafa þá í huga að mæla hluta netsins eða allt netið aftur.

### 2.3 Val mælistaða og gerð stöðvarlýsinga

Vorið 1992 hófst vinna við val mælistaða í grunnstöðvanetinu. Landmælingar Íslands gerðu samning við Orkustofnun um val þeirra og var verkið að mestu í höndum Orkustofnunar. Landmælingamenn Orkustofnunar og Landmælinga Íslands skiptu gerð stöðvarlýsinga á milli sín, þannig að Orkustofnun gerði lýsingar mælistöðva á Vestur- og Austurlandi en Landmælingar Íslands á Suðurlandi og norðan Vatnajökuls. Í nýjum punktum, öðrum en þeim þar sem áætlað var að steypa stöpla voru settir boltar með númerum LM0500, LM0501 o. áfr., en þar sem gamlir, nothæfir punktar voru fyrir voru þeir notaðir og eldri stöðvarnúmer látin haldast.

Í nýjum punktum og gömlum var sett stikujárn við punktinn, tekin ljósmynd af punktinum og lýsing hans endurskoðuð eða samin að nýju. Við val mælistaða voru eftirtalin atriði helst höfð í huga:

- Merkið sé í góðri klöpp.
- Auðvelt að komast á staðinn.
- Fjöll eða mannvirki skyggi ekki á útsýn til himins.
- Afstaða til grannpunkta þannig að netið verði sterkt.
- Ekki hætta á truflunum frá endurvarpsstöðvum eða háspennuvirkjum.

Þann 29. maí 1992 sendu Landmælingar Íslands sveitarfélögum bréf, þar sem þau voru beðin að steypa landmælingastöplum ef punktur í grunnstöðvanetinu lenti í þeirra landi. Á mörgum stöðum voru sveitarstjórnarmenn áhugasamir um að steypa stöpla. Landmælingamenn Landmælinga Íslands og Orkustofnunar völdu staði fyrir stöpla í

samráði við heimamenn og afhentu þeim toppplötu, sem mælitæki er skrúfað á, ásamt teikningum af stöplum og verklýsingu um gerð þeirra. Á stöðum þar sem sjónmengun var talin verða af stöplunum var haft samráð við náttúruverndarmenn. Ef stöplarnir voru steptir við eldri merki var þess gætt að unnt væri að stilla upp mælitæki yfir gamla merkinu. Landmælingastöplar fengu númerin LM0301, LM0302 o. áfr. Verkið dróst nokkuð á langinn því sífellt bærust loforð frá sveitarstjórnarmönnum um að steypa stöpla. Haustið 1992 var eftir að steypa 24 stöpla í grunnstöðvanetinu, sem sveitarstjórnarmenn höfðu gefið vilyrði fyrir.

Vorið 1993 þurfti að fylgjast með því að sveitarstjórnarmenn steypu þessa stöpla og enn dróst verkið á langinn vegna þess að seint voraði og menn létu önnur verk hafa forgang. Í júní og júlí 1993 lét Landsvirkjun steypa fjóra stöpla á Þjórsársvæði og tvo ofan Fljótsdals, en áður hafði Landsvirkjun stept stöplur við Blöndu. Einnig steypiti Vegagerðin tvo stöpla í grunnstöðvanetinu í júlí. Landhelgisgæslan lagði til þýrluna TF-GRÓ til að setja fjóra punkta á Hornströndum og var því lokið á einum degi í lok júní 1993.

Eftir að stöplar höfðu verið steptir fóru landmælingamenn nokkrar ferðir til að ganga úr skugga um að vel væri gengið frá stöplunum, taka af þeim ljósmyndir til að fylgja stöðvarlýsingu og festa á þá plötu með stöðvarnúmeri og áletrun Landmælinga Íslands.

Haustið 1992 var gengið frá stöðvarlýsingum, sem þá voru tilbúnar, í tölvu, en vorið og sumarið 1993 var gengið frá stöðvarlýsingum jafnhliða öðrum verkum við undirbúning mælinganna. Lýsingarnar voru tilbúnar í handriti um miðjan júlí 1993 og gefnar út í ársbyrjun 1994 (Gunnar Þorbergsson og Ingvar Þór Magnússon 1994). Þær eru í samræmi við ályktanir starfshóps um landmælingar á vegum umhverfisráðuneytis (Bragi Guðmundsson o.fl. 1993). Stöðvarlýsingar og ljósmyndir af mælistöðum eru varðveittar á Landmælingum Íslands og Orkustofnun. Mælistöðvar í grunnstöðvanetinu eru sýndar á mynd 1, en í töflu 1 er skrá yfir stöðvarnar.


## 2.4 Útvegum GPS-tækja

Haustið 1992 var haldinn fundur forstjóra kortagerðarstofnana í Evrópu, CERCO, í Ankara í Tyrklandi (CERCO, Comité Européen des Responsables de la Cartographie Officielle). Þar kynnti Ágúst Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands hugmyndir íslenskra landmælingamanna um grunnstöðvanet fyrir Prof. Dr.-Ing. Hermann Seeger forstöðumanni Landmælinga Þýskalands (Institut für Angewandte Geodäsie, IfAG). Áhugi Dr. Seegers vaknaði þegar, enda er hann formaður vinnuhóps CERCO um hreyfingar Evrópu-jarðskorpuflekans. Í viðauka II við þessa skýrslu er bréf, sem forstjóri Landmælinga Íslands sendi Dr. Seeger skömmu eftir fundinn í Ankara. Í viðauka III er símbréf, sem Landmælingum Íslands barst 5. mars 1993 frá IfAG, en þar bjóðast Íslendingum um 20 Trimble SSE 4000 viðtæki fyrstu tvær vikurnar í ágúst 1993. Síðar barst staðfesting frá Dr. Seeger um að IfAG legði til 20 GPS-viðtæki, 4 viðtæki til vara, 3 bifreiðar ásamt bifreiðarstjórum og 10 landmælingamenn. Íslendingar þyrftu því að leggja til 20 bifreiðar, 10 mælingamenn og 20 aðstoðarmenn. Íslenskum landmælingamönnum þóttu þetta stórkostlegar fréttir.

Tafla 1. Stöðvar í GPS-grunnstöðvaneti

Nafn	Breidd	Lengd	Staðarheiti	Nafn	Breidd	Lengd	Staðarheiti
LM0082	64°09.19'	21°59.58'	Valhúsaahæð	LM0500	64°24.40'	17°16.25'	Grímsfjall
LM0301	64°04.09'	22°41.15'	Garðskagi	LM0502	64°25.78'	22°00.41'	Belgsholt
LM0302	63°49.53'	22°37.77'	Reykjanes	LM0503	65°15.73'	21°05.41'	Reykjaskóli NA
LM0303	63°52.05'	22°05.37'	Krísuvík	LM0504	65°27.94'	20°35.94'	Borgarvirki S
LM0304	63°50.71'	21°39.43'	Strandarhæð	LM0505	65°43.56'	20°12.81'	Laxárbrú V
LM0305	64°00.35'	21°13.11'	Kambar	LM0506	66°06.22'	20°18.14'	Selvíkurtangi SA
LM0306	64°12.60'	20°46.94'	Laugarvatn V	LM0508	65°27.78'	18°56.64'	Valagilsá
LM0307	64°14.37'	20°13.32'	Haukholt A	LM0509	66°04.48'	19°21.23'	Straumnesviti S
LM0308	64°27.00'	20°38.97'	Tjaldafell S	LM0511	65°57.96'	15°40.43'	Vegahnúkur
LM0309	64°21.26'	21°27.71'	Fossá V	LM0514	65°35.88'	15°09.67'	Þuríðarvatn SA
LM0310	64°39.13'	22°21.34'	Akrar	LM0518	64°41.13'	15°43.62'	Hátunga A
LM0311	64°51.64'	22°14.55'	Gullborgarhraun	LM0521	64°58.47'	21°36.35'	Hundadalur
LM0312	64°48.36'	23°05.84'	Kirkjuhóll	LM0524	65°48.14'	22°36.45'	Eyrarfjall
LM0313	64°54.94'	23°51.24'	Hellissandur-Rif	LM0525	66°02.19'	22°25.91'	Selá
LM0314	65°04.28'	22°43.65'	Stykkishólmur	LM0527	64°47.79'	19°22.01'	Kjalhraun
LM0315	65°09.45'	21°52.89'	Knararhöfn	LM0528	65°04.65'	19°37.34'	Helgufell V
LM0316	64°59.56'	21°03.60'	Holtavörðuheidi	LM0530	64°52.87'	20°27.63'	Núpatjörn V
LM0317	65°27.93'	23°56.67'	Mjósund	LM0534	65°09.82'	20°34.03'	Fitjá austan
LM0318	65°52.16'	23°29.73'	Sandafell	LM0535	66°12.53'	21°54.57'	Meyjarsel
LM0319	66°05.93'	23°02.36'	Arnarnes	LM0536	66°23.53'	22°21.57'	Hrolleifsvík
LM0320	65°46.10'	23°05.44'	Mjólká	LM0537	66°25.79'	23°08.21'	Straumnes
LM0321	65°34.36'	23°10.38'	Flókalundur	LM0538	66°14.59'	22°36.85'	Höfði
LM0322	65°22.38'	22°55.57'	Flatey	LM1260	65°34.88'	21°19.36'	Ennishöfði
LM0323	65°26.24'	22°12.31'	Reykhólar	LM2003	63°47.62'	20°51.09'	Strýta
LM0324	65°45.63'	21°44.91'	Hrófberg	LM3204	64°12.75'	21°23.81'	Litla-Sauðafell
LM0325	65°59.58'	21°20.93'	Gjögur	LM3359	64°05.93'	19°06.25'	Bjallavað S
LM0326	65°24.28'	19°49.73'	Blönduvirkjun V	LM3706	64°09.33'	20°53.28'	Lyngdalsheiði
LM0327	65°43.07'	19°29.29'	Hegranes	LM3713	64°01.00'	22°15.62'	Keilisnes
LM0328	65°29.89'	18°10.75'	Samkomugerði	AK4517	65°41.85'	18°06.63'	Krossanesbraut
LM0329	65°55.54'	18°19.69'	Hauganes	OS5491	64°55.42'	16°00.67'	Hattur SV
LM0330	66°04.13'	18°39.82'	Ólafsfjörður	OS5861	65°31.34'	17°01.01'	Grænavatn
LM0331	66°31.64'	17°58.90'	Grimsey	OS7012	65°13.69'	15°32.35'	Grunnavatnsalda
LM0332	66°27.26'	15°56.06'	Raufarhöfn	OS7031	66°04.56'	17°21.49'	Bakkahöfði
LM0333	66°11.33'	15°19.50'	Þórshöfn	OS7220	63°56.87'	20°06.01'	Krókahraun
LM0334	66°02.47'	14°47.40'	Bakkafjörður	OS7225	63°58.99'	20°34.77'	Langamýri
LM0335	65°45.45'	14°49.78'	Vopnafjörður	OS7227	66°08.12'	16°21.44'	Vörðuhóll N
LM0336	65°35.49'	14°22.81'	Geirastaðaklettur	OS7367	66°26.82'	16°28.00'	Hálshnúkur S
LM0337	65°31.32'	13°48.13'	Bakkagerði	OS7371	64°40.95'	21°14.15'	Breiðavatn NA
LM0338	65°17.03'	13°53.24'	Sörlastaðá	OS7373	64°43.86'	23°48.67'	Malarrif
LM0339	65°15.50'	14°24.19'	Egilsstaðir	OS7375	63°57.72'	16°51.61'	Svínafell S
LM0340	65°21.38'	14°52.14'	Hofteigur	OS7378	65°14.83'	19°26.88'	Bugavatn N
LM0341	65°02.58'	15°03.36'	Bessastaðaá S	OS7379	65°12.98'	17°24.58'	Íshólsvatn S
LM0342	64°52.10'	15°24.59'	Laugarfell SV	OS7383	64°18.57'	18°14.40'	Jökulheimar
LM0343	64°54.35'	14°35.86'	Breiðdalsheiði	OS7384	65°46.39'	16°20.50'	Norðmelur
LM0344	65°01.13'	13°48.08'	Teigará	OS7385	63°45.22'	19°27.03'	Einhyrningur
LM0345	64°48.40'	13°50.75'	Kambanes	OS7416	63°48.10'	18°57.94'	Mælifell V
LM0346	64°39.23'	14°15.62'	Djúpivogur A	OS7438	65°41.04'	17°32.88'	Goðafoss
LM0347	64°23.32'	14°47.79'	Hraunkot NA	OS7441	65°53.08'	16°57.82'	Þeistareykir
LM0348	64°16.02'	15°11.90'	Höfn	OS7442	65°28.25'	16°09.59'	Króksmellsellur
LM0348A	64°16.06'	15°11.85'	Höfn VLBI-stöð	OS7461	64°37.83'	14°49.68'	Háiás
LM0349	64°06.88'	16°05.09'	Fellsá SV	OS7469	65°01.15'	17°56.54'	Kiðagilsdrög
LM0350	63°56.84'	17°41.33'	Kálfafell	OS7470	64°49.72'	17°36.84'	Gjallandi A
LM0351	63°39.37'	18°14.79'	Botnar	OS7472	65°10.80'	16°12.59'	Herðubreiðarlindir
LM0352	63°25.13'	19°01.59'	Reynisfjall	OS7482	64°32.21'	19°48.06'	Hvítárvatn S
LM0353	63°25.10'	20°17.36'	Heimaey	OS7485	63°59.87'	18°16.36'	Galti
LM0354	63°36.67'	19°59.48'	Seljaland	OS7494	65°02.21'	18°46.88'	Ásbjarnarvötn
LM0355	64°07.21'	19°44.85'	Bjarnalón	RH8434	64°44.72'	16°39.12'	Kverkfjöll
LM0356	64°18.63'	19°19.98'	Langahlíð	RH8437	65°00.67'	17°01.98'	Fjallsendi S
LM0357	64°26.95'	18°57.61'	Kjalvötn NV	RH8701	66°06.44'	17°53.90'	Flateyjaralur
LM0358	64°42.69'	18°20.68'	Háumýrar NA				

Breidd og lengd eru í kerfi ISN93 (sama og WGS84).  
Sjá nákvæm gildi fyrir breidd og lengd í töflu 7.



MYND 1. Mælistöðvar í GPS-grunnstöðvæneti 1993  
 [Stations in GPS-network observed 1993]

## 2.5 Þátttaka stofnana

Þann 25. febrúar 1993 skipaði verkefnisstjórn tilraunaverkefnis umhverfisráðuneytis þrjá menn í starfshóp til að undirbúa samstarf stofnana um mælingar á grunnstöðvanetinu. Þeir voru: Eymundur Runólfsson frá Vegagerðinni, Ingvar Þór Magnússon frá Landmælingum Íslands og Gunnar Þorbergsson frá Orkustofnun, sem jafnframt var formaður hópsins. Hópurinn gerði áætlun um hæðarmælingar í GPS-grunnstöðvanetinu, sem er birt í skýrslu vinnuhóps um landmælingar (Bragi Guðmundsson o.fl. 1993). Hann taldi af ýmsum ástæðum ráðlegt að fresta GPS-mælingum til ársins 1994 eða jafnvel 1995, en nota tímenn til að ganga frá mælistöðvum í grunnstöðvanetinu, gera stöðvarlýsingar, hæðarmæla til punkta í netinu og afla GPS-viðtækja til mælinganna. Þessar forsendur breyttust skyndilega með fréttum frá IfAG, sem greint er frá í kaflanum hér að framan.

Um miðjan mars var haft samband við forsvarsmenn stofnana og stærri bæjarfélaga og þeim kynnt mælingaverkefnið. Þann 18. mars var sömu mönnum sent bréf undirritað af formanni starfshópsins. Þar var fyrir hönd umhverfisráðuneytis farið fram á aðstoð

Tafla 2		Framlag stofnana og bæjarfélaga		
Stofnun eða bæjarfélag	Menn	Bílar	Annað	
Akureyrarbær	2	1		
Almannavarnir ríkisins			Handtalstöðvar í bíla	
Búnaðarfélag Íslands	1			
Mosfellsbær	1	1		
Fasteignamat ríkisins	1	1		
Höfn í Hornafirði	2			
Landgræðsla ríkisins		1		
Landhelgisgæslan			Þyrlur á Hornströndum	
Landmælingar Íslands	15	6	Viðlegubúnaður o.fl.	
Landsvirkjun	3	2	Gistiaðstaða í virkjunum	
Orkustofnun	2	1		
Póstur og sími	3	2	símar og faxtæki	
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1			
Rafmagnsveitur ríkisins	2	1		
Raunvísindastofnun Háskólans	1		Ferð á Grímsfjall	
Reykjavíkurborg	1	1		
Seltjarnarnesbær			Aðstaða við mælistað	
Sjómannaskólinn			Aðstaða fyrir stjórnstöð	
Sjómælingar Íslands	1			
Skógrækt ríkisins	1	1		
Vegagerðin	6	6		
Aflfræðistofa Háskóla Íslands	3	1		
Vita- og hafnarmálaskrifstofan			250.000 kr. styrkur	
Þjóðverjar frá IfAG	11	3	24 Trimble 4000 SSE	
Þjóðverjar frá IfE	4			

við mælingar grunnstöðvanetsins og beðið um að stofnanir legðu fram og kostuðu - að hluta til eða alveg - mælingaflokk eða leiðsögumann með bíl, eða leiðsögumann eða bíl. Undirtektir voru mjög góðar eins og sést í töflu 2 en þar er talið framlag stofnana og sveitarfélaga, sem leitað var til og tóku þátt í mæliátakinu.

Samningur Landmælinga Íslands við Orkustofnun um undirbúning GPS-mælinga grunnstöðvanetsins var undirritaður um miðjan apríl. Þann 20. apríl voru sendar til IfAG myndir af 117 stöðva mælineti (tvær stöðvar á Höfn í Hornafirði) ásamt hugmynd að skiptingu netsins í tíu blokkir eða einingar, sem væru mældar á jafnmörgum dögum, og röðun mæliflokka á mælistöðvar.

Einnig voru Þjóðverjunum sendar nokkrar spurningar um hvað þeir myndu leggja til af öðrum búnaði en mælitækjum t.d. rafhlöður, þrífætur, fartölvur, disklinga o.s. frv. Jafnframt komust á bein samskipti Orkustofnunar og Þjóðverja. Þann 24. maí var haldinn fundur IfAG og Háskólans í Hannover um fyrirkomulag mælinganna og daginn eftir barst ítarlegt símbréf. Þar var tillaga um skiptingu í blokkir samþykkt en fastir mælistaðir - fjórir punktar þar sem stöðugt er mælt allan tímann án þess að færa tækin - voru valdir öðruvísi. Dagsetningar varðandi komu og brottför Þjóðverjanna voru ákveðnar og einnig ýmis atriði varðandi tilhögun mælinganna.

Í þessu bréfi var einnig beðið um að tveimur mælistöðum við Þingvallavatn úr neti Háskólans í Braunschweig yrði bætt við mælinetið. Árið 1992 voru gerðar VLBI-mælingar á Höfn í Hornafirði. Þá var steiptur sökkull um 100 m norðan við landmælingastöpul LM0348 og mælt yfir bolta í sökklinum. Mælt var á báðum þessum stöðum 1993. Í grunnstöðvanetinu eru því alls 119 mælistaðir, 62 stöplar og 57 boltar. Boltarnir eru allir taldir vera í klöpp utan tveir boltar, annar þeirra (LM0348A) er í sökklí og hinn (LM0534) er í stórum steini.

Í lok maí óskaði starfshópur verkefnisstjórnar eftir að vera leystur frá störfum, en tveir úr hópnum unnu áfram við verkið á vegum Landmælinga Íslands og Orkustofnunar.

## 2.6 Mönnun mælingaflokka

Jafnharðan og upplýsingar bárust um framlag stofnana og sveitarfélaga var mönnum skipað í mæliflokka. Mæliflokkar voru 24, en við hönnun netsins var þeim skipt í sjö sveitir eins og sýnt er í töflu 3.

Nafngift sveitanna er þannig til komin að litblýantar voru notaðir við að skipuleggja mælingarnar. Græna sveitin átti að mæla á stöðum fjarri byggð og hafa langar útilegur. Rauða sveitin átti einnig að mæla í óbyggðum en hafa styttri útilegur. Bláa sveitin átti einkum að mæla í byggð en þurfti að aka langar leiðir. Hlutverk varaflokkanna var að fylgja öðrum mælihópum eftir, hlaupa í skarðið og veita aðstoð gerðist þess þörf, einnig að safna mæligögnum og senda til stjórnstöðvar.

Gert var ráð fyrir að flokkar í sömu sveit ferðuðust saman, eftir því sem hægt væri og reyndari mælingamenn í sveitinni aðstoðuðu þá sem ekki voru eins vanir ferðalögum við að komast á áfangastað.

Tafla 3		Mælisveitir
Sveit	Auðkenni	Flokkar
F	fastir mælistaðir	4
R	rauður	4
G	grænn	4
B	blár	4
Y	gulur	2
V	stakir flokkar	3
S	varasveit	3

Í júní var byrjað að panta gistingu á hótélum fyrir mælingamenn nálægt mælistöðum þar sem því varð við komið. Einnig var kannað hvað þyrfti að leggja mælingamönnum til af viðlegubúnaði. Svo fór að Landmælingar Íslands keyptu töluvert af viðlegubúnaði en að mælingum loknum gafst þátttakendum í mæliátakinu kostur á að kaupa búnaðinn með góðum kjörum.

Helstu vandamál við áætlunargerðina voru leyst með því að hafa hvíldardag að loknum mælingum á svæði 5 umhverfis og á Vatnajökli og með því að ljúka mælingum á Vestfjörðum þannig að færi gæfist á að biða þar einn eða tvo daga eftir veðri ef veður hamlaði þyrluflugi. Í mæliáætlun var gert ráð fyrir að mælitæki væru flutt með þyrlunni TF-GRO í fjóra punkta á Hornströndum og skilin eftir og látin mæla án þess að mælingamaður væri á staðnum. Í reynd var þyrlan TF-SIF notuð og tækin mönnuð á Hornströndum eins og annars staðar.

Þann 13. júlí var Þjóðverjunum sent mæliplanið og tillaga að skipan íslenskra mælingamanna í mæliflokka. Þjóðverjarnir samþykktu mæliáætlunina og röðuðu mælingamönnum sínum í mæliflokka eftir ábendingum íslenskra landmælingamanna. Liðsskipan er sýnd í töflu 4 en í viðauka IV er skrá yfir alla þátttakendur.

## 2.7 Könnunarferðir

Áður en mælingar hófust fóru íslenskir mælingamenn ásamt íslenskum aðstoðarmönnum Þjóðverja í könnunarferðir í þær mælistöðvar sem þeim var ætlað að mæla í, til að geta fundið mælipunktana í myrkri og þoku. Áður en lagt var upp í könnunarferðir var hist á stuttum fundi á Orkustofnun eða Landmælingum Íslands og farið yfir mæliplanið. Einnig fengu þátttakendur handrit að stöðvarlýsingum og kort, sem mælistaðirnir voru merktir á. Skoðunarferðum var hagað þannig að þátttakendur fóru á þá mælistaði, þar sem þeir áttu að mæla og á aðra mælistaði sömu sveitar eftir því sem við var komið. Í töflu 4 er merkt við þátttakendur í könnunarferðum.

Vegna þess að seint voraði og sumarið var kalt var enn mikill snjór á hálendinu í lok júlí, Gæsavatnaleið var ófær, einnig slóð í Ingólfsskála norðan Hofsjökuls og nokkurra kílómetra gangur var í mælistöð í Mariutungum. Eftir að könnunarferðum lauk rættist úr færð því Vegagerðin ruddi leiðina í Ingólfsskála og að brú á Skjálfafljóti á Gæsavatnaleið.

### 3. MÆLINGAR

#### 3.1 Stjórnstöð

Viku áður en mælingarnar hófust var sett upp stjórnstöð með aðsetur í Sjómannaskóla Íslands. Í stjórnstöð störfuðu mælingaverkfræðingarnir Guðmundur Hafberg og Jón Þór Björnsson frá verkfræðistofunni Hnit hf., ásamt starfsmönnum Landmælinga Íslands. Starfsmenn stjórnstöðvar skipulögðu námskeið og sáu um að afhenda mælitæki og viðlegubúnað til mælihópa. Í stjórnstöð var vakt allan sólarhringinn meðan á mæliátakinu stóð og mælingaflokkarnir höfðu tilkynningarskyldu við stjórnstöð til að láta vita af ferðum sínum og framvindu mælinga.

Yfirstjórn mæliátaksins og ábyrgð var í höndum Ágústs Guðmundssonar forstjóra Landmælinga Íslands og Prof. Dr.-Ing. Hermann Seeger forstjóra IfAG, en hann kom í stutta heimsókn til Íslands, þegar mælingarnar hófust.

#### 3.2 Mæling grunnstöðvanetsins

Fyrsti Þjóðverjinn, Walter Hoppe, kom með flugi til Keflavíkur miðvikudaginn 28. júlí og hafði hann meðferðis þrjú GPS-viðtæki til að þjálfa íslenska mælingamenn, en dagana 29. og 30. júlí var námskeið fyrir íslenska mælingamenn í Sjómannaskóla Íslands. Þar var mælingamönnum kennd meðferð tækjanna og farið sameiginlega yfir mæliplanið.

Sex Þjóðverjar ásamt þremur VW-bifreiðum hlöðnum mælitækjum komu til Seyðisfjarðar með ferjunni Norrænu að morgni fimmtudags 29. júlí. Starfsmaður Landmælinga Íslands tók á móti þeim á bryggjunni og aðstoðaði við tollafgreiðslu, en starfsmaður á bíl frá Landgræðslu ríkisins fylgdi Þjóðverjunum til Reykjavíkur. Ferðin til Reykjavíkur gekk vel þrátt fyrir að bifreiðarnar væru þunghlaðnar og mikil umferð á þjóðvegum vegna verslunarmannahelgarinnar, sem fór í hönd. Bifreiðarnar komu til Reykjavíkur síðdegis 30. júlí og aðrir Þjóðverjar komu með flugi til Keflavíkur að kvöldi 31. júlí. Daginn eftir, sunnudaginn 1. ágúst, var mælitækjum úthlutað til mælihópanna og þeir mælihópar sem lengsta ferð áttu fyrir höndum héldu úr Reykjavík til að losna við umferð á mánudegi, frídegi verslunarmanna. Aðrir mæliflokkar héldu úr Reykjavík árla að morgni mánudagsins 2. ágúst eða seint um kvöldið, því mælingarnar áttu að hefjast snemma á þriðjudagsmorgni.

Ef mælistöðin var bolti í klöpp var settur upp þrífótur og steinar bornir að honum eða hann stagaður til að ekki væri hætt á að hann haggast ef hvessti. Undirplata var skrúfuð á þrífótinn og stillt lárétt nákvæmlega yfir merkinu, síðan var loftnet fest á millistykkið og ör á loftnetinu beint í segulnorður. Hæð loftnetsins mæld af mælingamanni og aðstoðarmanni. Að þessu loknu var loftnetið tengt viðtækinu. Um hálf tíma áður en mælingar hófust var kveikt á GPS-viðtækinu og skráning mælinga hófst klukkan 7:00.

Á meðan mælingu stóð var lítið aðhafst. Á tveggja klukkustunda fresti var lítið eftir viðtækinu og athugasemdir skráðar á mæliblöð. Auk þess var höfð gát á forvitnum húsdýrum og ferðamönnum, sem fannst nýlunda að GPS-mælingum.




TAFLA 4		Liðsskipan		
Hópur	Mælingamaður	Aðstoðarmaður	Bifreið	
F1	Lambert Wanninger, Jón Þór Björnsson	Ulle Wenzel, Þorsteinn Jóhannsson	IfAG, RALA	IfAG
F2	Karin Schmidt	Arnar Sigmundsson, Magnús Teitsson <sup>1)</sup>	Ak	Ak
F3	Rainer Kahn	Werner Müller, Óttar Geirsson	IfAG, Bfí	IfAG
F4	Walter Hoppe	Ólaf Glóde, Bjartur Logi Finnsson, Óskar Arason <sup>1)</sup>	IfAG, Höfn	IfAG
R1	Ingvar Þór Magnússon •	Haraldur Eiðsson	LMÍ	LMÍ
R2	Wolfgang Paech	Jón Erlendsson •	Vg	Vg
R3	Jóhannes Arnason •	Gunnar Arnason	RARIK	RARIK
R4	Halldór Sveinn Hauksson •	Sigurjón Jónsson	RH	Vg
Í1	Theodór Theodórsson •	Per Henje	LV	LV
G2	Volker Wegener	Axel Einarsson •	LV	LV
G3	Örn Jónsson •	Frode Jakobssen	PS	PS
G4	Falko Menge	Einar Jóhannsson •	PS	PS
B1	Jón Erlingsson •	Adólf Kristjánsson •	LMÍ	Vg
B2	Wolf-Dieter Miersch	Lofur Þór Jónsson •	Sr	Sr
B3	Kári Steinar Karlsson •	Hjörtur Þráinsson, Óðinn Þórarinnsson • <sup>1)</sup>	Afl	Afl
B4	Bárður Arnason •	Guðmundur Örn Jónsson •	LMÍ	Vg
Y1	Kristinn Þorbergsson •	Kristinn Helgason •	Sí	Lgr
Y2	Wolfgang Müller	Ólafur Magnússon •	FMR	FMR
V1	Herbert Schabacker	Helgi Júlíusson •	LMÍ	LMÍ
V2	Gunnar Þorbergsson •	Guðmundur H. Vigfusson • <sup>2)</sup>	OS	OS
V3	Frank Töppe	Bragi Jónsson •	Vg	Vg
S1	Þórarinn Sigurðsson	Rúnar Jónsson •	Vg	Vg
S2	Helgi Hálfánarson •	Jón Þorsteinn Hjartar •	Mos	Mos
S3	Guðmundur Hafberg	Einar Erlingsson	RVÍK	RVÍK

• Þátttakendur í könnunarferðum

1) Íslendingar skiptust á

2) Aðstoð eftir þörfum

Áætlað var að skilja tæki eftir ómönnuð í 4 punktum á Hornströndum, en því var breytt. [We planned to let the instruments observe unattended at 4 points at Hornstrandir, but the plan was changed].



Áætlun dagsett 29. júlí 1993 (GP) með breytingum: S1 og S2 mældu í 3 stöðvum og mönnum 6 stöðva breyttist á svæði 10. [Plan dated July 29th 1993 (GTh) with these changes: S1 and S2 observed at 3 stations and 6 stations in block 10 were manned otherwise than planned].

MYND 2. Mönnun stöðva í GPS-grunnstöðvaneti 1993 [Deployment in GPS network in 1993]

Block num-ber	Numb-ber	Date in pnts	Date Aug.
1	17	3	T
2	16+2	4	W
3	17	5	T
4	15	6	F
5	17	7	S
Hvild/Rest			
6	16	8	S
7	16	9	M
8	17	10	T
9	15	11	W
10	12+4	12	T
Hvild/Rest			
		13	F
		14	S

F1, F2, F3 og F4 mældu stöðugt allan tímann. [F1, F2, F3 and F4 observed throughout the whole campaign].

○ GPS-punktur [GPS-station] (119)

□ Stöpull [Pillar] (63)

ÍSNET-93

Á nokkrum stöðum varð einnig að hafa auga með fuglum, sem vildu setjast á loftnetið. Að lokinni mælingu klukkan 15:00 var loftnetsað mæld á ný og skráð. Síðan voru gögn færð úr minni GPS-viðtækisins á fartölvu og disklinga. Að lokum var mælibúnaður og farangur tekinn saman og haldið af stað á næsta mælistað.

Á mynd 2 er sýnt hvernig mælingaflokkum var raðað á mælistöðvar. Landinu var skipt í tíu mælisvæði og var hvert þeirra mælt á einum degi. Mælt var oftast en einu sinni í stöðvum á jöðrum mælisvæðanna.


Í fjórum mælistöðvum, sem taldar eru í töflu 6, voru gerðar samfelldar mælingar meðan á mæliátakinu stóð. Þetta eru sömu staðir og mælt var í 23. júlí til 1. ágúst 1990 meðan á mælingaverkefningu EUREF NW stóð og eru þessar stöðvar því stundum kenndar við það verkefni. Mælt var í tveimur lotum, mælt var kl. 07:00 - 15:00 eins og í öðrum stöðvum og gögn skráð á 5 sekúndna fresti. Önnur lota var frá um kl. 15:30 - 06:30 en þá voru gögn skráð á 15 sekúndna fresti. Alltaf voru skráð gögn frá öllum GPS-gervitunglum, sem voru hærra á lofti en 15° ofan sjónbaugs.

Tafla 5 Fastir mælistaðir	
Nafn	Stöðvarheiti
LM0082	Valhúsahæð
LM1260	Ennishöfði
LM0340	Hofteigur
LM0348	Höfn

Þrátt fyrir rok og rigningu á þriðja og fjórða degi mælinganna urðu ekki verulegar tafir á mælingum, en þó urðu nokkrir mæliflokkar að taka á sig krók um Fljót og Lágheiði, þegar þjóðvegurinn um Öxnadalshéiði fór í sundur við Valagilsá vegna vatnavaxta. Sunnudagurinn 8. ágúst var kærkominn hvíldardagur mælingamanna. Dagurinn var notaður til að fara yfir mælitæki, hlaða rafgeyma og koma mæligögnum til stjórnstöðvar. Síðari vikuna hrepptu mælingamenn rysjótt veður, hiti var undir frostmarki á hálendinu, oft var slydda og jafnvel snjócoma.

Frávik frá mæliplani voru smávægileg. Varaflokkar S1 og S2 mældu í þremur stöðvum og á Vestfjörðum breyttist mönnun sex stöðva eins og áður er greint frá. 10. ágúst haggðist þrífótur meðan á mælingu stóð í stöð RH8701 á Flateyjardal. Daginn eftir endurmældi varahópur á þessum stað. Stjórnstöð mælinganna skipulagði þessar breytingar á mæliplaninu í samráði við Lambert Wanninger.

Á mynd 3 er grunnstöðvanetið teiknað sem net þríhyrninga samkvæmt reglu, sem kennd er við Delaunay. (Þríhyrningur með hornpunkta í þremur stöðvum er teiknaður ef hringur umritaður um hann inniheldur engar stöðvar aðrar en hornpunkta þríhyrningsins). Reglan er þó brotin á mörkum blokka.



Mælt 3.-13. ágúst 1993

MYND 3. Mæliátak ISNET-93

26. nóvember 1993 GP

Mælingaflokkarnir héldu dagbækur og margir tóku einnig ljósmyndir. Afrit af hvoru tveggja eru varðveitt á Landmælingum Íslands. Í dagbækurnar eru skráðar almennar athugasemdir um mælingarnar, ferðir, tafir og ástand mælistöðva. Starfsmenn stjórnstöðvar héldu einnig skýrslur um ferðir mælingaflokka og gang mælinganna (Jón Þór Björnsson 1993, Jón Þór Björnsson og Ágúst Guðmundsson 1994)

Starfsmenn stjórnstöðvar fóru yfir allar GPS-mælingar og mæliblöð um leið og þau bárust. Móttaka gagna, afrit, athugasemdir og prófanir voru færð inn á þar til gerð eyðublöð, væru einhver atriði óljós var viðkomandi mælingamaður spurður og leiðréttingar eða athugasemdir skráðar.

Lambert Wanninger, mælingaverkfræðingur við Háskólann í Hannover, fylgdist daglega með áhrifum jónahvolfsins á mælingar, sem voru gerðar á Valhúsahæð. Þessar athuganir sýndu að um miðja fyrri vikuna gætti áhrifa jónahvolfsins mest um og eftir miðnætti, en lítið að degi til. Síðari vikuna voru mjög litlar truflanir frá jónahvolfinu að næturlagi og á daginn voru truflanir hverfandi.

## 4. NIÐURSTÖÐUR

### 4.1 Útreikningar og niðurstöður

Unnið var úr mælingunum á tveimur stöðum, hjá IfAG í Frankfurt og hjá IfE í Hannover. Á þessum stöðum var beitt sitt hvorum hugbúnaði. Hjá IfAG var notaður Bernese V3.4/3.5 hugbúnaður frá Háskólanum í Bern í Sviss en hjá IfE var notaður Geonap hugbúnaður, sem var þróaður þar við háskólann.

Reiknaðar brautir GPS-gervitungla voru fengnar frá Schripps haffræðistofnuninni (SIO, Schripps Institution of Oceanography). Til viðmiðunar voru valdar þrjár stöðvar í Evrópu og ein í Norður-Ameríku. Þær eru: Tromsø í Noregi, Onsala í Svíþjóð, Herstmonceux í Englandi og Saint John's á Nýfundnalandi. Þessar stöðvar eru í hópi stöðva, sem eru nefndar IGS-stöðvar og eru um allan heim (IGS, International GPS service for Geodynamics). Þar eru gerðar samfelldar GPS-mælingar og fleiri jarðmælingar. Hnit IGS-stöðvanna voru gefin í viðmiðunarkerfi ITRF93 (ITRF, International Terrestrial Reference Frame). Hraðavektorar stöðvanna, vegna flekahreyfinga jarðskorpunnar, voru gefnir í sama kerfi og þannig voru hnit þeirra reiknuð í kerfi ITRF93.6, og er þá miðað við tímann, þegar mælingarnar voru gerðar.

Hjá IfAG voru þessar upplýsingar notaðar til að reikna EUREF-stöðvarnar fjórar hér á landi þar sem stöðugar GPS-mælingar voru gerðar meðan á mæliátakinu stóð. Jafnframt var í þessum áfanga reiknuð VLBI stöðin á Höfn í Hornafirði. Reiknuð var lausn fyrir hvern dag og meðaltal þeirra reiknað. Þessum hnitum stöðvanna var haldið föstum á öðrum stigum úrvinnslunnar bæði hjá IfAG og IfE.

Hjá IfE og IfAG voru reiknaðar óþvingaðar lausnir mælinga hvers dags en síðan voru sameiginlegir mælistaðir, stöðvar þar sem var mælt oftast en einn dag, ásamt EUREF stöðvunum notaðar til að fella netið saman.

Tafla 6. Jarðmiðjuhnit stöðva í grunnstöðvaneti

Nafn	X	Y	Z	Staðarheiti
LM0082	2585369.9375	-1044193.1992	5717263.1586	Valhúsahæð
LM0301	2580414.0875	-1078663.7885	5713110.2683	Garðskagi
LM0302	2603902.5935	-1085476.3422	5701229.6334	Reykjanes
LM0303	2610173.3710	-1059327.5503	5703398.1908	Krísuvík
LM0304	2620121.8057	-1040402.0341	5702216.5207	Strandarhæð
LM0305	2613055.3317	-1014504.2284	5710176.7283	Kambar
LM0306	2601586.3702	-987329.8901	5720195.8229	Laugarvatn V
LM0307	2608333.6313	-960820.9658	5721615.3176	Haukholt A
LM0308	2581421.4065	-972840.6533	5732052.3101	Tjaldafell S
LM0309	2576133.5690	-1012786.1505	5727002.2764	Fossá V
LM0310	2532303.7294	-1041447.8107	5741281.2194	Akrar
LM0311	2514903.3802	-1028494.0683	5751248.5896	Gullborgarhraun
LM0312	2504337.4815	-1068051.3556	5748624.0758	Kirkjuhóll
LM0313	2479896.8398	-1096560.0868	5753827.1216	Hellissandur-Rif
LM0314	2486468.8018	-1041516.2696	5761149.3405	Stykkishólmur
LM0315	2493496.1714	-1001446.4758	5765201.1062	Knararhöfn
LM0316	2523282.6423	-971626.3224	5757784.9419	Holtavörðuheiði
LM0317	2427301.1382	-1077887.9033	5779512.3007	Mjósund
LM0318	2398155.5592	-1042519.8895	5798328.0242	Sandafell
LM0319	2384768.3718	-1014205.5131	5808538.2366	Arnarnes
LM0320	2414994.2314	-1029615.3192	5793911.9570	Mjólka
LM0321	2431597.9366	-1040831.9331	5784470.4631	Flókalundur
LM0322	2454714.2558	-1038231.4753	5775229.6412	Flatey
LM0323	2461535.8281	-1004794.8327	5778216.6733	Reykhólar
LM0324	2438985.3275	-972980.2891	5793107.3559	Hrófberg
LM0325	2423699.3838	-947339.2864	5803721.6010	Gjögur
LM0326	2504354.7249	-903050.9028	5777074.1936	Blönduvirkjun V
LM0327	2479599.4667	-877493.3232	5791252.9216	Hegranes
LM0328	2520173.0404	-827572.6643	5781070.6602	Samkomugerði
LM0329	2476764.8479	-820464.5759	5800670.8959	Hauganes
LM0330	2458071.2529	-830270.3490	5807132.7414	Ólafsfjörður
LM0331	2423251.6975	-786502.6007	5827690.6811	Grímsey
LM0332	2456991.2743	-701486.4979	5824452.7102	Raufarhöfn
LM0333	2490465.4514	-682485.7199	5812549.4135	Pórshöfn
LM0334	2511292.9753	-663041.5335	5805888.5002	Bakkafjörður
LM0335	2538749.4428	-672174.5821	5792995.2940	Vopnafjörður
LM0336	2560269.2378	-656423.0386	5785368.2470	Geirastaðaklettur
LM0337	2573610.5519	-632243.1365	5782134.2412	Bakkagerði
LM0338	2596124.1881	-641863.8978	5771113.2501	Sörlastaðaá
LM0339	2592757.6844	-665860.3447	5769949.3136	Egilsstaðir

Reiknað í kerfi ITRF93.6 samkvæmt mælingum í mæliátaki ÍSNET93. Öll hnit í metrum.

